



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Múlaborg 2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
3 Innra mat xxx deildar	8
4 Innra mat sérkennslu.....	25
5 Innra mat – fjöltyngd börn	28
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	31
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	32
8 Foreldrasamvinna.....	34
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	34
10 Fylgigögn.....	34
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	34



Leiðarljós leikskólans:

Virðing – Traust - Jafnrétti

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið hófst með miklum ráðningum á nýjum starfsmönnum vegna opnunar þriggja nýrra ungbarnadeilda. Þetta gekk vonum framár og voru allar deildirnar og nýja eldhúsið grunnmannaðar í desember þegar við buðum fyrstu börnin velkomin. Enn átti eftir að ráða afleysingar en við vorum bjartsýn á að það tækist vel. Ekki tókst þó að manna það, þar sem langtíma veikindi og aðrar upptökur s.s starfmenn hættu komu í veg fyrir það og við því að manna jafnt og þétt í þær stöður. Þessi veikindi og vöntun á afleysingafólki einkenndi þó nokkuð þennan vetur sem varð til þess að mannekla háði okkur og þurftum við því alloft að hafa deild lokaða í hálfan eða heilan dag séstaklega um miðjan vetur. Allir voru boðnir og búnir til að halda uppi faglegu starfi og lögðu starfmenn mikið á sig til að allt gengi sinn vanagang og héldu í gleði sína og þolinmæði allan veturinn. Foreldrar sýndu mikinn skilning og þolinmæði í gegnum þetta.

Lögð var áhersla á að þó við værum komin með annað hús fyrir nýju deildirnar, að þetta væri einn leikskóli og starfmenn væru allir að vinna saman að ná marmiðum okkar. Deildarstjórar voru duglegir að senda starfsfólk á milli deilda eftir þörfum og allir tilbúnir að vinna á öllum deildum.

Á deildarstjórafundi í vetur var tekin sú ákvörðun að einblína á vellíðan starfsfólks eins og við gerum alla daga með börnin. Ákvörðun var tekin um að fá Hugarfrelsi með fyrirlestur sem gagnast starfsfólkinu sjálfu og þannig hafa jákvæð áhrif á vellíðan barnanna líka. Í framhaldi af þessu var tekin ákvörðun um að hefja innleiðingu aðferðafræði Hugarfrelsis í leik og starfi sem snýr að því að efla jákvæða hugsun og auka jafnvægi og vellíðan starfsmanna og barna.

Einnig var tekin ákvörðun um það að innleiða samstarfssáttmála fyrir starfsfólk, sem snýr að uppbyggingu og endurgjöf á meðal starfsmanna og er ætlað að byggja upp traust og efla sjálfstraust og starfsánægju meðal starfsmannahópsins.

Fyrirlestrar hafa verið um þessi málefni í vetur og hefst innleiðingin í haust.



Við erum að ljúka fyrsta árinu af þremur í rannsóknar verkefni á vegum Erasmus+ sem heitir Be-Inclusive. Þetta er samvinnuverkefni milli þriggja landa; Belgíu, Portúgals og Íslands. Háskólar frá hverju landi vinna starfendarannsókn og okkar þáttur er að ígrunda eigin störf og skoða hvernig við getum bætt starfshætti með hagsmuni barna með sérþarfir og foreldra þeirra að leiðarljósi. Rannsóknarspurning verkefnisins er: Hvernig getur leikskólinn styrkt stöðu barna með sérþarfir og foreldra þeirra. Markmiðið með Be-In verkefninu er að styrkja hæfni fagfólks í leikskólastarfi í vinnu með börnum með sérþarfir og að byggja upp samstarf með foreldrum þeirra. Eftir að við höfðum metið starf okkar og skoðað þá þætti sem þyrfti að bæta, var ákveðið að Múlaborg myndi endurskoða teymisfundi þar sem aukin áhersla er lögð á þarfir og þátttöku foreldra. Með þátttöku okkar erum við að kynna þá hugmyndafræði og sýn sem við tileinkum okkur í vinnu með börnum með sérþarfir og foreldrum þeirra. Samstarf foreldra og fagfólks ætti að byggjast á trausti og sameiginlegri ábyrgð.

Við vinnum áfram að Innleiðingu Menntastefnunnar og leggjum aftur áherslu á sjálfseflingu með yfirskriftinni „Ég er eins og ég er“



Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Samvinna milli Litla Múla og Stóra Múla	Símat á deildastjórafundum	Deildarstjórar í samvinnu við sína starfsmenn	Enn má bæta samvinnu á milli húsa meðal starfsmanna. Deildarstjórar duglegir að tala saman en annað starfsfólk fer minna á milli. Ákveðið að hafa sameiginlega söngsal í Litla Múla alla föstudaga. Allir taka sinn undirbúning á Litla Múla og sameiginlegt kaffihlaðborð til skiptis á Litla og Stóra Múla fyrsta föstudag í mánuði fyrir starfsmenn.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)



Viðhorfskönnun foreldra leikskólabarna	Rafrænt	Foreldrar	Í heildina kemur leikskólinn mjög vel út en þörf er á betri samvinnu við foreldra sem varðar uppeldisráðgjöf og námsskrá barnsins. Stefnan er að hafa eyðublað sem foreldrar fylla út og má þá fara yfir það í foreldraviðtölum.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
Stjórnun							
Auðvelda aðgengi að stjórnendum	Að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri séu sýnilegir í báðum húsum	Að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri séu á ákveðnum dögum í sittthvoru húsinu.	Stjórnendur	Sep t '23	Maí '24	Á starfsmannafundum.	Viðtöl við starfsfólk
Uppeldis- og menntastarf							
	Halda áfram vinnu með einstaklingsnámskrár	Hafa fleiri fagfundi með stjórnunarteyminu	Stjórnendateymi	Sep t '23	Maí '24	Á fagfundum	Að foreldravíðtöl fari fram í nýju formi.
Mannauður/ Leikskólabragur							
	Innleiðing á samstarfsáttmála	Námskeið á skipulagsdegi okt	Stjórnendateymi	Sep t '23		Á fagfundum og deildastjórafundum	Að sjá innleiðingin virkar
	Innleiðing á aðferðafræði Hugarfrelsins	Námskeið á skipulagsdegi nóv.	Stjórnendateymi	Sep t '23		Á fagfundum og deildastjórafundum	Að sjá innleiðingin virkar
Innra mat							



2 Innra mat Kisudeildar

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
TMT – tákn með tali	Að allt starfsfólk ið verði virkara að nota TMT	Einn málaflokkur tekinn fyrir á deildarfundum	Deildarstjóri ber ábyrgð og er fyrirmynd	Sep t. '23	Mai '24	Metið á deildarfundum um hvernig hefur gengið og hvað reynist erfitt	Að starfsfólk noti TMT áreynslu aust í samskiptum.
Sjálfsþing	Kenna börnunum að sýna ábyrgð og standa við sín verkefni Styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna,	Að börnin sitji þar sem þau vilja hverju sinni við matarborð. Vinna markvisst með frásögn barnanna og kenna þeim að leysa það sem upp kemur hverju sinni sín á milli	Deildarstjóri	Sep t. '23	Mai '24		Sýnilegur árangur hjá hverju barni
Einstaklingsnámskrá	Prófa áfram með tilliti til aðalnámskrá og stefnu leikskólans		Deildarstjóri og stjórnendateymi	Sep t. '23	Mai '24	Metið á fagfundum	Að deildarstjóri nýti nýja námskrá um vor
LAL - leikur að læra	Bæta meiri hreyfingu við	- Regluleg Lal stund í samveru stund 1x	Deildarstjóri og starfsmaður með	Sep t. '23	Mai '24	Metið á deildarfundum eftir þörfum	Virkar, reglulegar og vel skipulagð



	daglegar athafnir. Virkja starfsfólk betur.	<ul style="list-style-type: none"> í viku og skipulagða Lal verkefni í salnum, t.d. æfingapaut með verkefnum. - Áætlun um kennslu fyrir hverja mánuð - Undirbúningur starfsfólks – finna tíma til að senda fólk að undirbúninga kennslustundir 	ábyrgð á LAL.				ar LAL stundir
T	Endurskoðaða hlutverkin	Bæta við hugleiðsluverði og taka út borðvinnuvörð. Virkja betur hlutverk öryggisvarðar	Deildarstjóri og ábyrgðarmaður hlutverka	Sep t '23	Maí '24	Með skráningu hlutverkanna	Að börnin vilji velja þessi hlutverk

Tákn með tali – spjöld með táknum í daglegu starfi eru á veggjunum deildarinnar staðset þar sem á við, TmT bók alltaf aðgengileg og í tölvunni/ Í það er hægt að skoða TmT síðu þegar vantar. Starfsmenn KD eru misjafnlega virkir með TmT, sérstaklega nýir starfsmenn sem eru ekki með reynslu í notkun tákna. Fyrrverandi deildarstjóri setti upp áætlun til að æfa TmT á



deildarfundum, einn flokkur á hverjum mánuði en það tókst ekki að standa í því. Það náðist ekki að rifja sérstaklega upp TmT á deildarfundum og erfitt var að skipuleggja tíma fyrir undirbúning fyrir starfsmenn. Yfir höfuð erfitt var að uppfylla flestu markmiðin fyrst og fremst manneklu vegna.

Sjálsefling – Það gekk vel að hvetja börnin áfram til að styrkja sjálfsstæði þeirra, hrósa þau í öllu sem þau reyna sjálf. Börnin fengu oftast tækifæri til að prófa erfiða verkefni/ athöfn sjálf áður en þau fengu aðstoð. Það er hlutverkaverkefni á deildinni, þar sem börnin aðstoða kennara og með því læra þau daglegar athafnir og efla sjálfstraust. Við kennum börnin að sýna ábyrgð og standa við verkefni. Börnin eru hvatt til þess að reyna að leysa vandamál milli sín fyrst og síðan leita hjálp kennara. Það gekk vel að vinna með frásögn, þar sem börnin komu fram til að deila allskonar upplifanir. Hjá mörgum árangur var mjög sýnilegur

Einstaklingsnámskrá: markmiðinu var fylgt, foreldraviðtöl voru tækifæri til að athuga stöðu barnsins samkvæmt aldrinum. Börnum innan 5 ára fylgdi Tras prófið í málþroska og eldri en 5 ára tóku Hljóm2 prófið. Hvert foreldri fékk einstaklingsnámskráblað í september til að fylla. Miðað við stefnu leikskólans lögðu flestir foreldrar áherslu á svipaða áherslupættir í uppeldi barnanna sinna og markmið í námskrá var. Kröfur voru aldurssvarandi bæði hjá foreldrum og námskránni.

3 Innra mat Bangsadeildar

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



Sjálfsfelling	Að auka sjálfstæði barnanna og ýta þannig undir trú á eigin getu.	Að starfsfólk gefi börnunum tækifæri á að gera hlutina sjálf með hvatningu.	Deildarstjóri	Septem-ber 2023	Maí 2024	Skráning, ábyrgðarmaður gerir vettvangsathugun og ræðir niðurstöður á deildarfundum.	Sýnilegur árangur hjá börnunum.
Lesstundir	Að skipta lesstundum í 3 hópa.	Að skipta barnahópunum í 3 leshópa þannig að hvert barn fái sögu við hæfi.	Deildarstjóri	Septem-ber 2023	Maí 2024	Skráning. Metið á deildarfundum í byrjun hvers mánaðar hvernig gengur.	Að hópnum sé skipt í þrennt í lesstundum.
Tillett.	Að börnin gangi sjálf frá efir leik og læri að hver hlutur á sinn stað.	Að efla börnin að ganga betur frá eftir sig. Að efla sjálfstæði þeirra og læra að hver hlutur á sinn stað.	Deildarstjóri.	Septem-ber 2023	Maí 2024	Skráning. Metið á deildarfundum í byrjun hvers mánaðar hvernig gengur.	Sýnilegur árangur er að börnin séu dugleg að ganga frá eftir sig og viti hvar hlutirnir eiga heima.

Sjálfsfelling. Tækifæri til umbóta. Okkur langar að halda áfram að vinna með sjálfsfellinguna.

Markmiðið er að börnin sýni aukið sjálfstæði, með hvatningu og tækifærum til þess að gera sjálf skapast vettvangur til náms fyrir börnin.

Að starfið í leikskólanum sé að einhverju leyti einstaklingsmiðað og unnið sé með styrkleika barnanna. Hafa starfið sveigjanlegt. Við einblína á það sem börnin geta en ekki það sem þau geta ekki.

Meiri þátttaka og ábyrgð barnanna. Eflum þátttöku barnanna á sem flestum sviðum. Leyfum þeim að taka ákvarðanir með okkur og skipuleggja starfið. Að skoðanir þeirra skipta máli. Höfum hópum þar sem börnin geta komið með



sínar hugmyndir og tekið ákvarðanir eins og t.d. hvað á að vera í matinn, hvaða lög á að syngja og hvaða leikföng þurfa að vera til.

Starfsfólk styður við börnin og eflir þau í að gera sjálf allan daginn. Passa að hjálpa þeim ekki of mikið þar sem börn læra mest með því að gera sjálf. „Learning by doing“.

Það sem börnin eru að æfa sig í er t.d. að klæða sig sjálf í fataklefanum, að nota hníf í matartímanum, æfa að segja hvað þau vilja; *ég vil, má ég*, að koma fram fyrir hópinn og tala, að leysa ágreiningsmál sjálf, efla sjálfstæði þeirra og sjálfstraust. **Þú getur þetta, ég hef fulla trú á þér!**

Lesið bækur um sjálfseflingu og ræðið þær á eftir með börnunum. Setjum orð á tilfinningar og ræðum hvernig við getum sem best æft okkur í samskiptum og lært að segja hvernig okkur líður.

Gefum þeim tækifæri til að koma fram fyrir aðra, t.d. syngja, leika í leikriti eða segja sögu. Samræðutímar með börnunum, þar sem tekið er fyrir málefni sem brenna á þeim. Markviss vinna með að öll börn geti/fái að tjá sig að allar skoðanir séu réttháar.

Einstaklingsmiðum verkefni og höfum þau krefjandi. Þjóðum fjölbreytt val. Komum betur til móts við áhugasvið hvers barns. Hvetjum þau og styðjum til að gera sjálf, leiðbeinum á uppbyggilegan máta.

Við vinnum jafnt og þétt með Barnasáttmálann yfir veturinn. Ný réttindi eru kynnt í hverri viku og umræður um réttindi barna eru höfð í samverustund vikulega. Ábyrgðarmanneskja fyrir Barnasáttmálann fær undirbúningstíma til að kynna sér réttindi barna og hvernig er hægt að skapa umræður um réttindi með tilliti til aldurs og reynslu barna á deildinni.

Deildarstóri ber ábyrgð á matinu, með skráningu og vettvangsathugun og kynningu á niðurstöðum á deildarfundum. Sýnilegur árangur hjá börnunum er sá mælikvarði sem við munum styðjast við.

Lesstundir. Tækifæri til umbóta. Að skipta lesstundum í 3 hópa.

Lesstundir eru mjög mikilvægar fyrir málþroska barna. Mikilvægt er líka að hvert barn fá sögu við hæfi. Því skiptum við börnunum í 3 hópa í lesstundum, eftir getu. Þannig er hægt að lesa mismunandi erfiðar sögur sem hæfir betur aldri og getu barnanna. Við höfum lesstundir á hverjum degi á Bangsadeild.



Tiltekt. Tækifæri til umbóta. Að efla börnin að ganga betur frá eftir sig.

Efla sjálfstæði þeirra og þau læra að hver hlutur á sinn stað. Við látum þau vita 5 min. áður en leikurinn hættir svo að þau geti klárað leikinn og svo gengið frá. Allir hjálpast að.

4 Innra mat Ungadeildar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
TMT	Að efla notkun TMT í daglegu starfi	Joyce er með TMT fast í hópastarfi einu sinni í viku. Starfsfólk æfir sig í notkun TMT á deildarfundum. Joyce kemur með eitt þema á hvern fund,	Joyce	Maí 2023	Des 2023	Skráning. Metið á deildarfundum sem eru á hálfsmánaðarfresti	Aukin notkun TMT í daglegu starfi, þar á meðal í frjálsum leik



		t.d. dýr, fatnaður o.s.frv. Við notum líka TMT með börnunum við matarborðið, í fataklefa og í frjálsum leik.					
Hugarfrelsi	Að efla notkun Hugarfrelsi í daglegu starfi	Við ætlum að byrja á því að innleiða Hugarfrelsi í hópastarf vikulega.	Jói	Maí 2023	Des 2023	Skráning. Metið á deildarfundum sem eru á hálfsmánaðarfresti	Þegar börn og kennarar hafa náð grunnundirstöðinni færum við Hugarfrelsi inn í daglegt starf á deildinni – samverustundir og hvíld.
Vettvangsferðir	Að fjölga vettvangsferðum	Við förum í vettvangsferðir alla þriðjudaga. Skiptum hópnum í tvennt.	Rebeka	Maí 2023	Des 2023	Skráning. Metið á deildarfundum sem eru á hálfsmánaðarfresti	Góður undirbúningur. Kynning áður en haldið er af stað. Fjöldi ferða. Færni í að ganga í röð og halda hópinn. Að geta rætt um hvert var farið og hvað var gert.
Foreldrasamstarf	Að skapa vettvang fyrir þátttöku foreldra í starfinu á deildinni	Þjóða foreldrum í heimsókn þar sem foreldrar lesa fyrir börnin, leika á hljóðfæri eða eru með kynningu á ákveðnu viðfangsefni	Súsanna	Maí 2023	Des 2023	Skráning. Metið á deildarfundum sem eru á hálfsmánaðarfresti	Aukin foreldraþáttaka.



Gefðu 10	Að „gefa 10“ daglega og skrá á þartilgert skráningarblað	Að hver og einn starfsmaður gefi a.m.k. einu barni 10 á hverjum degi.	Súsan na			Skráning. Metið á deildarfundum sem eru á hálfmánaðar fresti	Fjöldi skráninga. Góð tengsl starfsfólks og barna.
----------	--	---	----------	--	--	--	--

TMT Joyce er með umsjón yfir TMT. Joyce fær undirbúningstíma fyrir TMT og er með hópastarf einu sinni í viku. Hún kemur líka með fræðslu fyrir hitt starfsfólkið á deildarfundum og kemur með eitt þema á hvern fund, t.d. dýr, fatnaður o.s.frv.

TMT notum við í daglegu starfi inni á deild – allt frá því að heilsa börnunum (góðan daginn) yfir í að tákna með PCS myndum þegar við förum yfir dagskipulag í samverustund á morgnana. Einnig notum við TMT með sönglögum en daglega er söngstund. Við höfum líka verið að reyna að auka TMT þegar við lesum fyrir börnin og við matarborðið.

Enn er tækifæri til þess að efla TMT í fataklefanum og í frjálsum leik barna.

Við þurfum líka að hengja upp spjöld í hæð barnanna svo þau geti skoðað þegar þau vilja.

Hugarfrelsi. Við fengum fræðslu frá Hugarfrelsi á starfsdegi í janúar. Við höfum æft okkur með öndunina – og hugleiðslusögurnar. Höfum lesið úr bókinni og spilað af Spotify. Einnig höfum við tekið jóga í hópastarfi og notast þá við æfingar frá Hugarfrelsi.

Við höfum ákveðið að byrja smátt og hafa Hugarfrelsi fast í hópastarfi fyrst um sinn og færa það svo yfir í dagskipulagið á hverjum degi.

Jói er ábyrgðarmaður Hugarfrelsís á deildinni.

Við ætlum að meta ferlið á deildarfundum. Stefnan er að Hugarfrelsi verði svo hluti af dagskipulagi.

Í haust fáum við seinni fræðslu af Hugarfrelsi og getum þá innleitt Hugarfrelsi alveg inn í daglegt starf.

Vettvangsferðir. Við viljum fjölga vettvangsferðum barna og heimsækja nærumhverfið ásamt því að taka strætó og fara á söfn.

Við fórum í strætóferð/vettvangsferð í Sunnuhlíð (hjúkrunarheimili aldraðra) í nóvember og það gekk mjög vel.

Nýverið fórum við í strætóferð út á Seltjarnarnes, við fórum í göngutúr á Gula róló í Háaleitinu og svo fórum við á Bókasafn Kópavog.

Það væri gaman að vinna með nærumhverfið og heimsækja helstu kennileiti ásamt því að bóka ferðir á Náttúrufræðistofu í Kópavogi, Gerðarsafn og fleiri skemmtileg og fræðandi söfn.

Í sumar ætlum við að nota alla þriðjudaga til þess að bregða okkur af bæ en við skiptum hópnum í tvennt og förum með ca. níu börn í hverja ferð.

Foreldrasamstarf. Við viljum bjóða foreldrum að taka þátt í starfinu á deildinni með því að koma og lesa fyrir börnin (á sínu móðurmáli), leika á hljóðfæri eða vera með kynningu á einhverju ákveðnu viðfangsefni.

Gefðu 10. Við viljum festa Gefðu 10 í sessi þar sem það hefur sýnt okkur fram á að það dýpki tengsl okkar við börnin og auki öryggi þeirra og ánægju í leikskólanum.

5 Innra mat Hvolpadeildar

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur



Dagleg hlutverk starfsmanna	Að starfsfolk vita hvað daglega hlutverk er	Gefa hverjum og einum ábyrgð á hlutverki	DS	Júní '23	Jan '24	Skráning, umræður, deildarfundur	Starf vel smurt
TMT	Tmt bókaþió og stafvikunar	Starfsfolk nota daglega, vera með tákn vikunnar	DS	Júní '23	Jan '24	Skráning, umræður í deildarfundur	Sýnilegur arangur
Sjálfsfelling	Prófa að gera meira sjálf (krakkar)	Undirbúa verkefni of starfsfólkið að hvetja	DS	Júní '23	Jan '24	umræður	Sýnilegur arangur
Gefðu 10	Gera skráningu daglega	Útbúa skráningarblað til að auðvelda skráningar	Deildarstjóri	Sept '23	Des '23	Farið yfir skráningar á deildarfundum	Að allir starfsmenn skrái

TMT: Við erum dugleg að nota TMT í daglegu starf, t.d. við matarborðið eða að biðja börnin að fara á klósettið. En, við getum að gert betur að kenna börnunum nýtt tákn, kannski í sérstökum stundum t.d. í bóka þíó eða samverustundum. Ákveðinn starfsmaður hefur ábyrgð á þessu, og skipuleggur þessar stundir. Við getum að haft skráningu um hver er að taka þátt og hvernig það gengur, og ræða um það í deildarfundum.

Sjálfsfelling: Börnin á Hvolpadeild eru að læra nýja hluti daglega, og eru fljót að verða orðinn stór. Við eigum að hvetja þau að gera meira sjálf, til að hvetja sjálfsfellingu. Við viljum að börnunum líði vel og læri að vera sjálfsörugg. Við getum að undirbúið hlutverk í fyrir hópastarfið, og gefið börnunum meiri tíma að klæða sig sjálf. Það þarf að hvetja þau og hrósa mikið til að auka sjálfstraustið. Við getum rætt um hverja þarf að vera hvetja meira og í hvaða hlutverkum.



Gefðu 10: Á Hvolpadeild höfum við ekki verið nógu dugleg að skrá Gefðu 10, en eru að prófa að gera daglega. Deildastjóri skal að hafa skráningarblaðið prentað út, og starfsfólkið skráir. Það er ábyrgð allra að skrá, en deildastjóri sér til að tími gefist í skráningar.

6 Innra mat Ugludeildar

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
TMT	Að efla notkun TMT í daglegu starfi	Starfsfólk æfir sig í hvíldinni og í undirbúning. Notum TMT markvissara í frjálsum leik	Birna	Maí 2023	Maí 2024	Ræða á deildarfundum hvernig hefur tekist til síðustu tvær vikur með notkun á TMT og setja 2ja vikna plan fram í tímann um áherslur.	Aukin notkun TMT í daglegu starfi og aukin kunnátta barna og starfsfólks
Sjálfs efling	Að börnin fái tækifæri til að spreyta sig við það sem þau geta.	Að starfsfólk gefi börnunum tækifæri á að gera hlutina sjálf með hvatningu.	Deildarstjóri	Maí 2023	Maí 2024	Ræða á deildarfundum og meta hvert og eitt barn á milli foreldrafundna út frá einstaklingsnámskrá.	Sýnilegur árangur hjá börnunum í einstaklingsnámskrá.
Málörvun	Öll börn séu meðvit uð um	Virkar Lubba stundir	Kladía	Septem ber 2023	Maí 2024	Rætt á deildarfundum	Aukin kunnátta barna um máhljóð og lög



	málhlj óð						
Gefðu 10	Nota Gefðu 10	Dagleg notkun, skrá niður hver er með hvaða barn	Deildarst jóri	Septem ber 2023	maí 202 4	Skráning daglega	Að efla tungumálakun náttu og félagsfærni. Starfsfólk fái yfirsýn yfir hæfni allra barna
Hugarfrelsi	Að auka vellíða n barnan na	Að öll börn fái tækifæri til að fara í jóga læri öndun og slökun	Deildarsj óri og Terrí	mai 2023	Okt 202 3	Rætt á deildarfundum	Að öll börn og starfsfólk tileinki sér hugarfrelsi

TMT. Við notum TMT í daglegu starfi. Markmiðið er að starfsfólk þekki og noti tákni með tali í daglegu starfi, að starfsfólk tákni lykilorð í setningum sem tengjast í daglegu starfi. Starfsfólk fá til þess undirbúningstíma og nýti hvíld vel til yfirlesturs, mikilvægt er einnig að allir taki ábyrgð og vinni saman. Við byrjum í september og við metum stöðina á deildarfundum mánaðalega. Í maí viljum við sjá sýnilegan árangur þar sem bæði börn og starfsfólk notar TMT í daglegu starfi.

Sjálfsæfling: Markmiðið er að börnin sýni aukið sjálfstæði, með hvatningu og tækifærum til þess að gera sjálf þá skapast vettvangur til náms fyrir börnin. Deildarstóri ber ábyrgð á matinu, við ræðum á deildarfundum og metið er hvert og eitt barn á milli foreldrafundna út frá einstaklingsnámskrá.

Lubbi. Við notum Lubba vikulega, við erum með Lubbastundir á hverjum mánudegi og stóra sameiginlega Lubbastund á miðvikudögum með öllum deildum á Litla Múla. Það sem við viljum gera betur er að Lubbi sé partur af starfinu alla daga vikunnar. Lubbalag vikunnar og Málhljóð vikunnar sé áberandi í starfinu á hverjum degi. Sungið verður Lubbalag alla virka daga en aðal lubbastundin er á mánudögum, þar sem öll börn fá Lubba í fangið og mega knúsa



eða heilsa honum. Allir starfsmenn deildarinnar taka ábyrgð og markmiðið er að hefjast handa strax í september þegar Lubbi mætir. Staðan er svo metin í maí 2024 þar sem deildarstjóri hefur farið yfir skráningar og metur hvort sýnilegur árangur sé hjá börnum. Mikilvægt er að börn tileinki sér máhljóðin og þekki þau. Það gerist með markvissu Lubbastarfi.

Gefðu 10 er leið fyrir kennara til málörvunar og börn fá tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í barnahópnum. Við vitum að Gefðu 10 virkar en við höfum ekki náð að gera það að daglegri athöfn, við höfum verið með hluta af barnahópnum í markvissi málörvun en við viljum að Gefðu 10 bætis við starfið okkar. Við ætlum að nota Gefðu 10 daglega, deildarstjóri mun skrá daglega hvaða starfsmaður á að gefa hvaða barni 10 mínútur hverju sinni. Deildarstjóri mun einnig bera ábyrgð á því. Við ætlum að hefjast handa strax, núna í maí 2023. Við munum svo meta stöðuna í september 2023. Við erum með skráningu sem við getum séð og metið svo árangur á málþroska og félagsleg tengsl.

Hugarfrelsi: Við höfum verið að æfa öndum með sjónrænu kerti og blómi og ætlum við að bæta við öndunaræfingum sem eru í bókinni og nota upp lesnar æfingar sem má finna á Spotify þar eru fagmenn sem lesa upp æfingar og teljum við það mikilvægt að læra af þeim

Við höfum ekki verið með markvistar jóga og slökunaræfingar en ætlum að bæta úr því núna í maí og endurmeta í okt 2023.

Einn dag í viku verður tileinkaður Hugarfrelsi

7 Innra mat Lundadeildar

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samverustund	Tvær samverur syngja og lesa í sömu samverunni	Allir taka samveru	Aðrir taki líka ábyrgð í samveru			Að fólk taki frumkvæði á að vera með samveru	
Matur	Að börnin biðji um meira.	Fara yfir matinn og hvernig þetta er gert	Að gefa öllu nafn			Þegar börn fari sjálfri að biðja um meira	
Málörvun	Meiri málörvun	Taka málörvun ekki bara í samverustund				Þegar börnin eru farin að mynda setningar sjálf	
Hópastarf	Vinna meira hópastarf	Virka starfsmenn í að sinna börnunum				Þegar krökkunum fer að lýða vel í hópnum	

Samverustund: það hefur verið sama fólkið sem er með samverustund og þar þarf að virkja aðra í að gera það líka. Hugmyndin er að skipta upp hópnum í tvær samverur og ásamt því að skipta upp sömu samveru í bæði sögu og söng svo börnin fái meira tækifæri til að einbeita sér og að halda athygli.

Matur: erfitt hefur verið fyrir mörg börnin að biðja um meiri mat og láta vita hvað það er það sem þeim langar í. Það þarf því að koma nafni á allt það sem er í boði og kenna þeim að biðja um meir. Hægt er að fara yfir þetta í samverustund og kenna þeim almennilega hvernig þetta er gert. Ásamt því að segja það fyrir þau þegar þeim er gefið meira, takk og þess áttar. Einnig að leggja meira upp úr tákni með tali í þessum málum.



Málörvun: virkja þarf málörvun á deildinni. Þar er hægt að taka tvö til þrjú börn í einu sem eru á svipuðum stað varðandi málið og tekið þau í málörvun saman. Þetta þarf ekki alltaf að vera hluti að skipulögðu starfi heldur. Einnig er hægt að koma þessu inn í hópastarfið.

Hópastarf: Vandamálið með hópastarfið hefur verið að börnin vilji ekki endilega vera með öllum starfsmönnum. Leggja þarf upp úr því að börnunum líði vel með starfsmönnum og virkja þarf þá til að kynna börnunum í hópastafinu.

8 Innra mat Krummadeildar

UMBÓTARÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
TMT	Efla notkun TMT í frjálsum leik/daglegu starfi á leikskólanum	Starfsmenn æfa sig í TMT, TMT spjöld sýnileg inn á deild	Deilda stjóri	Maí 23	Des 24	Skráning/ Vettvangs athugun	Sýnilegur árangur í daglegu starfi/börnin noti tákn sér til gagns.
Sjálfsþing	Auka sjálfstæði barnanna/ýta undir trú á eigin getu.	Hvetja börnin til að gera sjálf	Deilda stjóri	Maí 23	Des 24	Skráning	Sýnilegur, börnin sjálfstæð í fataklefa,



							sækja fót og klæða sig
Könnunarlei- kur	Uppgötvunar nám	Könnunarlei- kur í hverri viku ákv. tímabil	Eyrún /vísa	Sept 23	Maí 24	Skráningar	Að börn þekki könnunarlei- kinn og njóti sín
Lubbi	Efla börn í lubbahljóðum	Lubbi sunginn daglega	Allir	Sept 23	Maí 24	skráningar	Sýnilegur árangur, börn tileinka sér málhljóðin og þekki þau
Hugarfrelsi	Að efla sjálfsmynd og vellíðan barna	Að aðferðir hugarfrelsis séu partur af daglegu skipulagi deildarinnar	Eyrún deilda rtjóri	Sept 23	Maí 24	Skráningar	Sýnilegur árangur og virkar skráningar.
Gefðu 10	Nota 10 daglega	Dagleg notkun, deildastjóri skrár daglega hver á að gefa hverjum 10.	deilda stjór	Maí 23	Maí 24	Skráning	Sýnilegur árangur hjá börnum varðandi tungumál og félagsleg tengsl

TMT Við notum TMT í daglegu starfi en þar sem við þurfum að gera betur er að nota TMT í frjálsum leik. Markmiðið er að starfsfólk notar tákni með tali í frjálsum leik, að starfsfólk tákni lykilorð í setningum sem tengjast frjálsum leik, að við táknum t.d. leika, bíll, dúkka, kubba og þess háttar. Starfsfólk getur nýtt undirbúningstíma til þess að læra og efla sig í notkun TMT, einnig er mikilvægt að allir taki ábyrgð og vinni saman. Við ætlum að setja myndir af táknum inn á deildina til þess að minna okkur á og hjálpa okkur að læra þau tákni sem við eigum eftir að tileinka okkur. Við ætlum að byrja núna í maí og við metum stöðuna á deildarfundum mánaðalega. Deildarstjóri verður þá búin að gera vettvangsathugun og skráningu og fer yfir niðurstöður með deildinni. Í desember 2023 viljum við sjá sýnilegan árangur þar sem bæði börn og starfsfólk notar TMT í frjálsum leik.



Sjálfsfelling: Markmiðið er að börnin sýni aukið sjálfstæði, með hvatningu og tækifærum til þess að gera sjálf skapast vettvangur til náms fyrir börnin. Deildarstóri ber ábyrgð á matinu, með skráningu og vettvangsathugun og kynningu á niðurstöðum á deildarfundi. Sýnilegur árangur hjá börnunum er sá mælikvarði sem við munum styðjast við. Við ætlum að byrja strax, vera meðvituð um hrós og hvatningu og gefa börnum tækifæri á að reyna sjálf, við ætlum að gefa börnum meiri tíma svo aðstæður geti skapast til náms. Við ætlum að byrja núna strax í maí og metum stöðuna í desember 2023.

Könnunarleikur: Markmiðið er að börnin fari í könnunarleik í hverri viku, uppgötvunarnám þar sem börnin uppgötva og kynnast opnum efnivið. Starfsfólk verður meðvitað um könnunarleikinn og hafi þekkingu á honum. Í hverri viku á að vera könnunarleikur, í stundarskránni á að vera ákveðinn tími þar sem könnunarleikurinn fær rými. Eyrún deildarstjóri og Vísa bera ábyrgð á því að könnunarleikurinn fái þetta rými og bera ábyrgð á skráningunni. Könnunarleikurinn mun hefjast með haustinu, í september 2023 og í desember verður metið hvernig hefur gengið, þá verður metið hvort og hversu oft könnunarleikurinn hafi verið í boði. Einnig er metið hvort starfsfólkið þekki leikinn og þær áherslur sem leikurinn er byggður á og einnig að börnin njóti sín í honum.

Lubbi: Við notum Lubba vikulega, við erum með Lubbastundir á hverjum mánudegi og stóra sameiginlega Lubbastund á miðvikudögum með öllum deildum á Litla Múla. Það sem við viljum gera betur er að Lubbi sé partur af starfinu alla daga vikunnar. Lubbalag vikunnar og Málhljóð vikunnar sé áberandi í starfinu á hverjum degi. Við ætlum að syngja Lubbalag vikunnar daglega í samverustundum eða söngstunum og fara yfir málhljóð vikunnar. Allir starfsmenn deildarinnar taka ábyrgð og markmiðið er að hefjast handa strax í september þegar Lubbi mætir. Staðan er svo metin í maí 2024 þar sem deildarstjóri hefur farið yfir skráningar og metur hvort sýnilegur árangur sé hjá börnum. Mikilvægt er að börn tileinki sér málhljóðin og þekki þau. Það gerist með markvissu Lubbatarfi.

Hugarfrelsi: Markmiðið með hugarfrelsi er að kenna börnum einfaldar aðferðir við að efla sjálfsmynd sína og vera besta útgáfan af sjálfum sér, draga úr streitu og kvíða. Deildinni gekk vel að nota aðferðir Hugarfrelsis eftir kynninguna sem



við fengum. Við hlustum á rólega tónlist og gerðum öndunaræfingar daglega í samverustundum. Við vorum með skráningar sem hjálpuðu okkur að muna eftir æfingunum. Við höfum tileinkað okkur að hlusta alltaf á rólega tónlist eða slökunarhljóð í hvíld. Nokkuð hefur dottið niður að gera öndunaræfingar en við gerum þær reglulega. Þær dattu niður eftir að við hættum að skrá. Öndunaræfingarnar höfðu jákvæð áhrif á börnin og við teljum mikilvægt að komast aftur í sama far. Allir starfsmenn deildarinnar ætla að taka ábyrgð á því og minna hvert annað á að gera öndunaræfingar í samverustund.

Gefðu 10: Gefðu 10 er leið fyrir kennara til málörvunar og börn fá tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í barnahópnum. Við vitum að Gefðu 10 virkar en við höfum ekki náð að gera það að daglegri athöfn, við höfum verið með markvissa málörvun en við viljum að Gefðu 10 bæti við starfið okkar. Við ætlum að nota Gefðu 10 daglega, deildarstjóri mun skrá daglega hvaða starfsmaður á að gefa hvaða barni 10 mínútur hverju sinni. Deildarstjóri mun einnig bera ábyrgð á því. Við ætlum að hefjast handa strax, núna í maí 2023. Við munum svo meta stöðuna í maí 2024. Við erum með skráningu og þau viðmið sem við munum notast við er að sýnilegur árangur sé hjá börnunum bæði varðandi tungumálið og félagsleg tengsl.

9 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla fer að öllu jöfnu fram í almennu starfi inni á deild. Ef um einstaklingskennslu er að ræða þá er hún í stuttan tíma í senn og þess gætt að barnið missi ekki af neinu. Tekin eru út 4-6 markmið úr einstaklingsnámskrá og unnið með þau sérstaklega í 6 vikur. Farið er yfir markmiðin á teymisfundi og þau endurmetin. Einstaklingskennsla fer fljótt út í það að bjóða einu eða fleiri börnum með eftir því hvað við á hverju sinni. Það er vinnuregla í leikskólanum að þegar grunur vaknar um einhver frávik þá er byrjað</p>
--	--



	<p>strax að vinna með barnið. Við erum með PCS myndir og notum þær til stuðnings við allar daglegar athafnir. Við notum TMT samhliða myndunum. Þau börn sem eru óörugg með íslenska tungu fá dagbækur og/eða samskiptabækur. Við útbúum orðabækur með táknum til að leggja inn orð og tákn. Allar skráningar í sérkennslu eru eins uppbyggðar, merkt er við 0-1-2 eins og í AEPS færnimatinu.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Einstaklingsnámskrár eru unnar upp úr AEPS færnimatinu. Þroskþjálfí/umsjónarmaður sérkennslu deildarinnar í samvinnu við sérkennslustjóra og foreldra fylla út lista og eru markmiðin valin út frá niðurstöðum athuganna og eru endurskoðuð á sex vikna fresti. Færnimatið er lagt fyrir minnst tvisvar sinnum á ári en það fer eftir framförum hvers og eins. Eins er Íslenski þroskalistinn lagður fyrir auk Smábarnalistans. TRAS skráningar á málþroska barna eru einnig notaðar. HLJÓM-2 er lagt fyrir elstu börnin.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>PCS myndir eru stór þáttur í sérkennslu á Múlaborg og þarf stöðugt að yfirfara þær, endurnýja og búa til nýjar og töluverð vinna og útgjöld eru alltaf lögð í þá vinnu. Einnig felst mikil vinna í að útbúa orðabækur með táknum fyrir þau börn sem það þurfa. Í vetur bættust við leikskólann 3 deildir og voru gerðar PCS myndir og Orðabækur fyrir þær deildir. Við höfum verið að útfæra kennslugögn með tilliti til þeirra barna sem þess þurfa og einnig eru kennslugögn útbúin sérstaklega, m.a. fyrir barn með lögblindu.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Teymisfundir m.t.t. foreldra	Auka áhrifamátt foreldra á teymisfundum	Gefa foreldrum tækifæri til að stjórna fundinum	Brynhildur	Sept. '23	Mai '24	Spurningar til foreldra í upphafi og lok tímabilsins	



Teymisfundir m.t.t. barna	Að styðja við þátttöku barna á fundum	Taka upp myndbönd til að sýna í byrjun hvers fundar	Brynhildur	Sept. '23	Maí '24	Spurningar til foreldra í upphafi og lok tímabilsins	
Skipulag teymisfunda	Að sérkennslustjóri sé virkur þátttakandi á fundum.	Að nýta hljóðupptöku í stað þess að skrifa fundagerð á fundinum.	Brynhildur	Sept '23	Maí '24	Spurningar til foreldra í upphafi og lok tímabilsins	

Veturinn 2022-2023 var óvenjulegur að því leiti að annar sérkennslustjórinn fór í starf aðstoðarleikskólastjóra og var því bara einn sérkennslustjóri í 1, 75% stöðugildi. Þetta gekk upp þar sem á Múlaborg vinnur góður starfsmannahópur sem hjálpast á þegar þörf er á. Það voru 9 börn sem nutu sérkennslu/stuðnings frá 2 og upp í 8,5 tíma á dag eða samtals 54 tíma á dag. 6 börn hafa verið í 1 flokki og 3 í öðrum, 6,75 stöðugildi hafa sinnt þessum stuðningstímum. 5 nýjar tilvísanir hafa verið sendar á þessu skólaári með tilliti til annara frávika en málþroska. Óskað var eftir 3 viðtalsbeiðnum. Íslenskur þroskalisti og/eða Smábarnalistinn var lagður fyrir 3 börn til viðbótar. Sérkennslustjóri hefur að auki haft augun á 13 börnum fyrir utan börn með málþroskavanda.

Leikskólinn Múlaborg stækkaði við sig um 3 deildir og eru þær deildir í öðru húsi. Þess hefur verið gætt að sú þekking og færni sem hefur skapast á Múlaborg yfirfærðist á milli húsa. Fjölfalda þurfti allar PCS myndir, bæði fyrir sjónrænt dagskipulag og veðurfræðing. Einnig þurfti að fjölfalda námsgögn til að leggja inn orð og tákn. Nýjar dagskipulagstöflur voru teknar í notkun, úr plexigleri og koma þær mjög vel út, eru bæði snyrtilegri og léttari.

Við vinnum eftir Skipulagðri kennslu (TEACCH) og þurfa öll svæði að vera vel merkt með PCS myndum og TMT hjálparspjöldum fyrir starfsfólk. Þetta höfum við einnig sett upp á Litla Múla. Í vetur voru 4 börn sem voru með sínar eigin dagskipulagstöflur.

Leikskólinn Múlaborg tekur þátt í starfendarannsókn á vegum Erasmus. 3 háskólar í 3 löndum; Portúgal, Belgía og Ísland gera rannsóknina en 2 leikskólar frá hverju landi eru þátttakendur. Það sem við viljum bæta hjá okkur eru



teymisfundir, við viljum gera þá markvissari með hagsmuni foreldra að leiðarljósi en við viljum efla foreldra sem áhrifavalda á fundunum. Einnig erum við að skoða hvernig barnið geti verið þátttakandi á fundunum með tilliti til barnasáttmálans, en þar kemur skýrt fram að börn eiga að fá tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða þau með tilliti til aldurs og þroska.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Fjöldi barna af erlendum uppruna sem hefur verið að fá málörvun á Múlaborg er 28. Allir foreldrar hafa verið að fá tvö eða fleiri viðtöl (eftir þörfum) á ári þar sem túlkar hafa verið notaðir. Túlkar hafa einnig verið að hringja í foreldra fyrir okkar hönd með stutt skilaboð. Auka kostnaður hefur alltaf fylgt framleiðslu á PCS myndum sem eru mikið notaðar í vinnu með börnum af erlendum uppruna. X nýjar beiðnir um athugun talmeinafræðings hafa verið sendar á skólaárinu og eru 5 í vinnslu.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Markvisst er unnið með daglegan orðaforða, börn fara í málörvun daglega í minni hópum á öllum deildum. Verið er að nota <i>Orðaskil</i> listann til hliðsjónar en hann gefur góða mynd af grunnorðaforða hjá ungum börnum. PCS myndir eru notaðar daglegar og <i>TMT</i> er virkt á öllum deildum. <i>Samskiptabækur</i> eru notaðar á öllum deildum, einnig sérútbúna <i>orðabækur</i> á hverri deild og fyrir þau börn sem þurfa. <i>Gefðu 10</i> er notað á öllum deildum. <i>Póstkassar</i> með myndum til málörvunar eru notaðir á hverri deild. <i>Lubbi finnur málbein</i> er notaður á hverri deild. Orð vikunnar.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Markvisst er verið að dýpka orðaforða barnanna. Mikið er af nýjum sérútbúnum spilum á <i>Veggnum</i>, spilum sem ná yfir mjög marga orðaflokka, yfirhugtök og stærðfræði</p>



	<p>svo eitthvað sé nefnt. Mikið er lesið fyrri börn. Skjábókum hefur fjölgað en það er afar vinsælt kennslufni ásamt loðtöflusögum. Börnin eru alltaf að læra ný og flóknari lög og vísur. Fjölbreytt dagskrá fyrir samverustundir er á öllum deildum. Þemadagar eru oft yfir árið auk þess að farið er alltaf yfir efni tengt íslenskum sérdögum, eins og Þorra og Þessháttar. Skávarpar eru notaðir á deildum, börn fá að fræðast um allt milli himins og jarðar, t.d. dýraríkið, geiminn og annað fræðslufni. Ýmsar aðrar leiðir eru farnar til að dýpka orðaforða, t.d. eru öll börn að fara í vettvangsferðir, taka þátt í stærri viðburðum eins og Barnamenningahátíð en slík verkefni kalla á mikla undirbúningsvinnu og úrvinnslu. Við erum með lag vikunnar og orð vikunnar, tákn vikunnar og LubbaHjóð vikunnar.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjölyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Engin sérstök matstæki eru notuð til að mæla framfarir erlendra barna. Þær skráningar sem hafa verið í boði hafa fundist of umfangsmiklar en kennarar hafa haft þær til hliðsjónar. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir erlend börn alveg eins og fyrir öll önnur, í byrjun eru notaðir <i>orðalistar</i> þar sem kennarar skrá orð sem barnið er komið með en þegar orðum fer að fjölga til muna tekur <i>TRAS</i> við. Verið er að skoða það að fara yfir <i>TRAS</i> oftast en tvisvar á ári til að sjá hvort barnið er að sýna framfarir. Hægt er að sjá framfarir í innihaldi samskiptabóka.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Mikið er unnið með alla þessa þætti, sjálfsefning hefur t.d. verið aðal hugtak í gegnum allt starfið í vetur og hefur það náð til allra barna. Markvisst er verið að vinna með hljóðkerfisvitund allra barna og hafa börn með annað tungumál en Íslensku sýnt ágæta getu á <i>HLJÓM-2 athugun</i>. Unnið er með <i>Lubba</i> á öllum deildum. Verkefni <i>Ég sjálfur</i> hefur verið í gangi á eldri deildum</p>



	þar sem börnin fengu að kynna sig og sitt heimili og áhugamál. Öll börn fá hlutverk á deildum sem þau velja sér sjálf, koma fram sem veðurfræðingar, kynna dagskipulag, verða söngstjórar og margt annað. Við reynum alltaf að ná til allra barna óháð tungumáli, það fá allir tækifæri til að læra á sínum hraða og eftir áhuga.
--	---

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar á málörvun	Það vantar upp á skráningar á málörvun á flestum deildum, þó margt sé orðið nokkuð gott.	Gera skráningar að daglegri rútinu allra á deildinni. Eftirfylgd, samvinna og ábyrgð fagaðila.	Eyrún og deildarstjórar.	Sept. 2023	Maí 2024	Skráningarblöð, farið yfir á deildarfundum og fagfundum.	Skráningar virkar á öllum deildum.
Að nota hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Það hefur vantað upp á sýnileg viðmið um þróun varðandi tileinkun annars tungumáls.	Nota hæfniramma sem menntamála stofnun hefur nýlega gefið út	Eyrún og deildarstjórar.	Sept. 2023	Maí 2024	Óformlegt mat á deildarstjórafundum og skráningar.	Að starfsfólk þekki hæfniramma og nýti þá í starfi sínu inn á hverri deild leikskólans

Skráningar á málörvun

Skráningar eru leið fyrir kennara að sýna fram á að þeir eru að sinna þeim verkefnum sem þeir eiga að sinna. Þegar skráningar eru virkar og sýnilegar fá börn þá örvun sem þau þurfa til þess að tileinka sér annað tungumál. Mikilvægt er að byrja um leið og faglegt starf hefst í september en þannig er grunnurinn lagður fyrir haustið.

Að nota hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla



Í hæfnirömmunum eru ákveðin viðmið um þróum á færni hjá börnum sem eru að tileinka sér annað tungumál en móðurmál. Í leikskólanum er mikilvægt að vinna markvisst að þeirri hæfni sem mikilvæg er fyrir næsta skólastig. Þau viðmið í hæfnirömmunum eru ætluð til þess að auðvelda mat á stöðu fjölbýngdra barna í íslensku. Hæfnirammarnir segja til um það hvaða áherslur eru mikilvægar að vinna með hverju barni fyrir sig með tilliti til aldurs og þess tíma sem barn hefur dvalið á Íslandi. Markmiðið er að barn þrói með sér ríkulegan orðaforða og félagsleg tengsl.

1. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Engin starfsþróunarsamtöl áttu sér stað þennan vetur.
Hugarfrelsi með námskeið, allir starfsmenn tóku þátt.
Sigríður Indriðadóttir, námskeið um öflugna liðsheild og jákvæða vinnustaðamenningu, allir starfsmenn tóku þátt.
Námskeið í útikennslu, Stjórnendateymi.
Tveir fóru Ráðstefnu á vegum ráðgjafar og Greiningastöðvar.
Námskeiðsröð fyrir nýja leikskólustjóra – leikskólustjóri.
Einn á Trúnaðarmannanámskeið KÍ .
Einn á Framtíðarskipan skólamála.
Einn fór á fræðslunámskeið um seinfæra foreldra eða foreldra með stuðning hjá Barnavernd.
Einn á ASÍ þing.
Tveir á KÍ þing.
Tveir á fræðslu um hæglátt skólastarf „Þannig týnist tíminn“.
Einn fór á Börn og tónlist, Menntafléttan.
Einn Forystufræðsla hjá KÍ.
Einn deildarstjóri lauk MA í leikskólakennarafræðum.
Tveir luku BA í Þroskaþjálfu.
Þrjú fóru til Portúgal vegna Be-inclusive, Þróunarvekefnis
Tveir fóru til Belgíu vegna Be-inclusive, Þróunarvekefnis
3 kennarar komu frá Portúgal til fræðslu vegna
Þróunarvekefnisins.
Deildarstjóri tók einn leikskólakennaranema.
Sérkennslustjóri tók tvo þroskaþjálfanema.



10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

1. Samstarf við Álftarmýraskóla byrjaði í september 2022 með fundi deildarstjóra og skólastjóra í skólanum þar sem farið var yfir stöðu elstu barnanna á Múlaborg og ákveðnar voru dagsetningar heimsóknina miðað við skóladagatal báða eininga.

Samstarf Múlaborgar og Álftamýrarskóla veturinn 2022 - 2023

Miðvikudagur 2. nóv	Kl. 9:00	Fyrsta heimsókn Múlaborgarbarna í Álftamýrarskóla Guðni tekur á móti.
Mánudagur 7. nóv	Kl. 09:10	Íþróttatími með 1. bekk ,
Miðvikudaginn 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu	Kl. 9:00	Nemendur úr 5. bekk Álftamýrarskóla koma og lesa fyrir nemendum Múlaborgar á öllum deildum.leikskólans.
Fimmtudaginn 2. des.	Kl. 9:15	Aðventuhátíð í Álftamýrarskóla Nemendur Múlaborgar fá heitt kakó og köku
Fimmtudaginn 15. des.	Kl. 9:00	Nemendur hittast á Múlaborg skiptast á jólakortum Börnin syngja saman og fá ávaxtahressingu að lokinni samverustundinni.



Þriðjudaginn 17.jan.	Kl. 9:00	Fundur foreldra elstu barnanna á Múlaborg, með fulltrúum Víkings. Álftabæjar og Álftamýrarskóla
Föstudaginn 3. feb.	Kl. 12:50	Múlaborgarbörn koma í heimsókn í Álftamýrarskóla og taka þátt í kennslustundum með 1. bekk.
Þriðjudaginn 14.mars	Kl. 09:50 – 10:30	Múlaborgarnemendur fara í íþróttatíma hjá unglíngastiginu.
Föstudagur 28. apríl	Kl. 11:30	Allir nemendur elstu deildar Múlaborgar í mat í Álftamýrarskóla
Föstudagur 5. maí	9:50	Allir nemendur elstu deildar Múlaborgar taka þátt í frímínútum á skólalóð Álftamýrarskóla
Mánudaginn 8. maí	Kl. 14:00	Endurmat á samstarfinu

Í flestum tilfellum náðist að framkvæma heimsóknina nema tvísvar á vori 2023 þegar Múlaborg barst við manneklu. Samt það náðist að fresta dagsetningum eftir samkomulagi við umsjónakennara 1. bekk. Samstarfið gekk mjög vel.

Börnunum fannst alltaf mjög spennandi og áhugavert að fara í þessar heimsóknir.

2. Veturinn 2022-23 tóku elstu börnin á Múlaborg þátt í samstarfi við íþróttafélagið Víkingur. Vikulega, á miðvikudögum fóru nemendur í íþróttatíma með þjálfara og tímarnir voru vel skipulagðir og skemmtilegir. Börnin náðu mikið út úr tímum – æfðu sig að fara eftir fyrirmælum þjálfara, vinna í hóp og fyrst og fremst bæta líkamslega þroska. Það þurfti að hætta við heimsóknina í nokkur skipti vegna manneklu í leikskólanum. Samskiptin á milli leikskólans og þjálfara voru mjög góð.
3. Börnin f. 2018 – 2019 fóru líka í skipulagðar sögustundir í Kringlubókasafnið tvísvar á mánuði, þar sem lesnar voru sögur af

starfsfólki og börnin lærðu reglur á bókasafni, umganga lesefni og náðu að styrkja áhuga um bækur.

4. Samstarf skólahópsins og frístundarheimili Álftabæ byrjaði á vorönninni 2023 og börnin fóru tvisvar í heimsókn til að kynna staðnum og starfsfólki. Við fengum mjög góðar móttökur og starfsfólk Álftabæjar sýndi mikinn áhuga nemendum.

11 Foreldrasamvinna

Kosin var ný stjórn fyrir foreldrafélagið í haust. Góð samvinna hefur verið á milli stjórn félagsins og okkur stjórnendur leikskólans. Stjórnin sá um sumarhátíð í samvinnu við leikskólann, fékk leikrit, ljósmyndara til að taka bæði einstaklingsmyndir og hópmyndir. Einnig sáu þau um vel heppnaða sveitaferð með foreldrum og börnum. Leikskólastjóri fór á reglulega fundi með stjórninni yfir veturinn.

Foreldraviðtöl voru tvisvar, eitt á haustönn og annað á vorönn. Svo bjóða deildarstjórar upp á símaviðtöl á undirbúningdegi eftir þörfum.

12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar eru sex yfir veturinn, þrír eru samræmdir við Álftamýraskóla. Stefnt er að því að nota tvo starfsdaga í vor í námsferð fyrir starfsmenn.

6. október

17. nóvember

22. janúar, samræmdur.

24. apríl,

26. apríl, samræmdur

17. maí, Menntastefnumót samræmdur.

13 Fylgigögn

13.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Múlaborg



Kristín Árnadóttir
Leikskólastjóri

29.júlí 2023
Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024 Múlaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Kristín Gróa Þorvaldsdóttir
Davíð Þór Guðlaugsson

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:



- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

"Starfsáætlun Múlaborgar lýsir vel metnaðarfulla starfinu sem unnið er á leikskólanum.

Það er sérstaklega ánægjulegt að verið sé að einblína á vellíðan starfsfólks með markvissum aðgerðum enda er vellíðan þeirra grundvöllur fyrir vellíðan barnanna á leikskólanum. Einnig er ánægjulegt að áfram eigi að leggja áherslu á sjálfsefningu barna í gegnum verkefnið "Ég er eins og ég er".

Leikskólaráð þakkar fyrir opið samtal og gott samstarf sem átti sér stað þegar mönnunarvandinn var sem stærstur síðastliðinn vetur. Það er okkar einlæg ósk að halda slíku samtali áfram þó við vonum að sjálfsögðu að betur takist að manna leikskólann í vetur.

Engar athugasemdir eru gerðar við skóladagatal leikskólans."



Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Múlaborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M Jólaverkstæði	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ Jólaverkstæði	5 F Hvítur dagur	5 M	5 Þ	5 F Blár dagur	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F Starfsdagur	6 M	6 M Jólaverkstæði	6 L Brettandinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F Skólasít	6 L
7 M Frídagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F Jólaverkstæði	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 F Rauður dagur	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M Leikskólinn opnar	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ Foreldravötöl	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ Foreldravötöl	10 F Fjölbíllar dagur	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M Foreldravötöl	10 F Appelsínugulur dagur	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M Foreldravötöl	11 L	11 M Kaffihúsavika í sal	11 F	11 S Dagur íslenska táknmálsins	11 M	11 F Foreldravötöl	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F Foreldravötöl	12 S	12 Þ Kaffihúsavika í sal	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F Foreldravötöl	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F Bleikur dagur Foreldravötöl	13 M	13 M Kaffihúsavika í sal	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F Kaffihúsavika í sal	14 S	14 M Óskudagur	14 F	14 S Dagur stærðfræðinnar	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F Brúnn dagur	15 S	15 M	15 F Jólabbal ?	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ Foreldravötöl	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ Foreldravötöl	17 F Starfsdagur	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M Foreldravötöl	17 F Menntastefnumót - sam. Starfsdagur	17 M Lyðveldisdagurinn	17 M
18 F	18 M	18 M Foreldravötöl	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F Foreldravötöl	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F Foreldravötöl	19 S	19 Þ	19 F Bóndadagur - upphaf þorra	19 M Vetrarfrí í grunnskólum	19 Þ	19 F Foreldravötöl	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F Foreldravötöl	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L	20 Þ Vetrarfrí í grunnskólum	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M Starfsdagur, samræmdur	21 M	21 F	21 Þ	21 F Grænn dagur	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F Ólúgur dagur	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M Starfsdagur	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F Vetrarfrí í grunnskólum	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 Þ	26 F Starfsdagur, samræmdur	26 S	26 M Fæðingardagur forseta Íslands (G.Th.)	26 F
27 S	27 M	27 F Vetrarfrí í grunnskólum	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ Regnboga dagur	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ			30 L	30 Þ	30 F	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S Gamlársdagur	31 M			31 S Páskadagur		31 F	31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumaryfji. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu sam ráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka